

Reglur um styrki, styrktarlínur og auglýsingar

1.gr. Markmið

Markmið með reglum þessum er að samræma styrkveitingar á vegum sveitarfélagsins og stuðla að gagnsærrri og faglegri afgreiðslu þeirra.

Hafa skal eftirfarandi reglur við mat á meðferð og afgreiðslu styrkja.

2.gr. Almennt

Sveitarfélagið Skagafjörður veitir félagasamtökum, fyrirtækjum, sjálfseignastofnunum og einstaklingum styrki í formi styrktarlínu, peningaframlags og/eða auglýsinga í prent- og ljósvakamiðum.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu sveitarfélagsins, nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Styrkir, styrktarlínur og auglýsingar þurfa að samræmast hlutverki sveitarfélagsins Skagafjarðar eða vera í samræmi við stefnu þess og áherslur.

Ekki er heimilt að veita styrki til verkefna sem er þegar lokið.

Forsenda styrkveitingar er að fjármagn sé til staðar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

3.gr. Skilgreining á styrkjum

Styrkir samkvæmt reglu um þessum skiptast í þrennt:

- Auglýsingar í prent- og ljósvakamiðlum
- Styrktarlínur
- Styrkir vegna menningarviðburða sem eru ekki hagnaðardrifin.

4.gr. Gildissvið

Starfsmaður atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar í umboði sviðsstjóra og fulltrúa fastanefndar hefur heimild til þess að afgreiða umsóknir allt að 60.000 kr. til smærri tilfallandi verkefna eða starfsemi, að því gefnu að heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun.

Starfsmaður getur þó vísað umsóknum til nefndar ef fyrirbyggjandi heimild er lægri.

Allar umsóknir sem fara fram úr tilgreindri fjárhæð skulu lagðar fyrir atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til afgreiðslu.

Yfirlit yfir samþykktar styrkbeiðnir samkvæmt reglum þessum skal lagt fyrir atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til kynningar ársfjórðungslega.

5.gr. Umsókn

Sótt er um styrki rafrænt í gegnum þjónustugátt sveitarfélagsins sem er aðgengileg á heimasíðu þess.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Markmið
- Upphæð
- Önnur fjármögnun verkefnis.
- Aðrar upplýsingar ef við á.

Tekið er við umsóknum allt árið.

6.gr. Afgreiðsla erinda

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, málefnaleg sjónarmið, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Öllum umsóknum er svarað á það netfang sem gefið er upp í umsókninni.

Unnið er úr innkomum umsóknum eins fljótt og auðið er.

Svar skal berast innan tveggja vikna frá skilum umsóknar, nema um sé að ræða umsóknir sem teknar eru fyrir á fundi atvinnu-, menningar- og kynningarmála.

7.gr. Endurgreiðslukrafa

Sveitarfélagið Skagafjörður áskilur sér rétt til að afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndar að ræða að hálfu styrkþega.

8.gr. Skilyrði

Þeir aðilar sem hljóta styrk frá sveitarfélaginu skulu láta þess getið í kynningarefni sínu. Auk þess þarf að skila inn sönnun fyrir birtingu styrktarlínu eða auglýsinga til skrifstofu sveitarfélagsins eða starfsmann eigi síður en tveimur vikum eftir að verkefni lýkur

Samþykkt á fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar þann 5.06.2025

Samþykkt á fundi byggðarráðs þann 12.06.2025

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 23.06.2025

Reglur þessar taka gildi strax við samþykkt þeirra.